



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 23. október 2019

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 88. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggir að börn sem getin eru með tæknifrjógvun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn og að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar á næsta ári.

Frá framlagningu frumvarps þess sem var að lögum um tæknifrjógvun árið 1996 hefur umboðsmaður barna gert ítrekaðar athugasemdir við það fyrirkomulag sem tryggir kynfrumugjöfum nafnleysi. Hefur umboðsmaður barna áréttað að þannig sé komið í veg fyrir að börn njóti þess sjálfsagða réttar að þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Í 8. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, kemur fram að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, en sá réttur á einnig við um líffræðileg einkenni eins og lækni- og erfðafræðilegar upplýsingar um ættingja og blóðtengsl. Þetta hefur jafnframt verið áréttað í almennum athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna (nr. 14 frá 2013) en þar kemur fram að börn eigi rétt á að fá aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegan uppruna sinn, þar sem upplýsingar af þeim toga séu hluti af því sem einkennir barnið, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Þá hefur umboðsmaður barna ítrekað bent á aðstöðumun barna sem eru annars vegar getin með tæknifrjógvun og kynfrumugjöf og hins vegar barna sem eru ættleidd. Samkvæmt V. kafla laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, eiga ættleidd börn sem náð hafa 18 ára aldri rétt á að fá tiltækar upplýsingar um kynforeldra og þá bera foreldrar ættleiddra barna skyldu til að upplýsa þau um

Þá staðreynd jafnskjótt og barnið hefur þroska til. Gera lögin ráð fyrir því að það sé að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að við gerð frumvarpsins eigi að horfa sérstaklega til sænskrar löggjafar. Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið enda var Svíþjóð fyrsta ríkið sem lögfesti bann við nafnleynd kynfrumugjafa. Í sænskri löggjöf er því tryggt að einstaklingar í þessari stöðu fái upplýsingar um uppruna sinn í lögum um erfðafræðilega friðhelgi (*Lag 2006:351 om genetisk integritet m.m.*). Þá vill umboðsmaður barna enn fremur árétta nýlega breytingu á sænsku foreldralögunum (*Föräldrabalk (1949:381)*) en þann 1. janúar síðastliðinn tóku gildi breytingar á foreldralögunum með gildistöku laga nr. 2018:1279. Er nú fjallað um rétt barna til upplýsinga í ákveðnum tilvikum í 15§ laganna þar sem segir að barn sem getið er með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf á rétt á því að vera upplýst um þá staðreynd af foreldrum.

Með vísan til alls framangreinds vill umboðsmaður barna því hvetja Alþingi til þess að samþykkja umrædda þingsályktunartillögu og fela þannig dómsmálaráðherra að undirbúa umræddar lagabreytingar. Að mati umboðsmanns barna er um ræða löngu tímabært og nauðsynlegt framfaraskref í þágu barna. Þá lýsir embætti umboðsmanns barna yfir vilja til þess að leggja dómsmálaráðuneytinu lið í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt,  
Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna